

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997.

Nr. 285/1996.

Véltjórafélag Íslands

(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.,

Stefán G. Þórisson hdl.)

gegn

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Félagaréttur. Stéttarfélög. Úrsögn. Eignaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1996. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 6.214.412 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1991 til greiðsludags, en til vara 1.302.812 krónur með sömu vöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi var eitt af aðildarfélögum stefnda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, frá stofnun þess 1937 til 1. ágúst 1991, er félagið sagði sig úr því. Með bréfi 20. september 1994 gerði áfrýjandi tilkall til hluta eigna stefnda, eins og þær voru við úrsögn hans. Stefndi hafnaði þeirri málaleitan, og er málið risið af þessum ágreiningi. Aðalkröfuna miðar áfrýjandi við hlutfall af nettóeign stefnda, reiknað út frá fjölda félagsmanna sinna á móti heildarfjölda félagsmanna í aðildarfélögum stefnda. Varakröfuna miðar áfrýjandi aftur á móti við hlutfall, reiknað út frá fjölda aðildarfélaga í stefnda. Er ekki tölulegur ágreiningur um útreikninginn.

II.

Áfrýjandi er félag véltjóra og vélfræðinga á Íslandi. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna stéttarinnar, semja um kaup hennar og kjör og vera málsvari hennar á opinberum vettvangi.

Stefndi er hins vegar landssamband sérmenntaðra farmanna og fiskimanna á Íslandi, og voru aðildarfélög þess fimmtán, þegar áfrýjandi sagði sig úr samtökunum. Var áfrýjandi langfjölmennasta aðildarfélagið, enda landsfélag. Tilgangur sambandsins er sá m. a. að vinna að bættum kjörum, atvinnuskilyrðum, menntun farmanna og fiskimanna og auka öryggi sjófarenda almennt. Samkvæmt 4. gr. laga sambandsins á sérhvert íslenskt farmanna- og fiskimannafélag yfirmanna á skipum rétt til þess að ganga í það með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem löginn ákveða. Ekki verður séð, að lögin geri auk formreglna aðrar takmarkanir á aðild þessara félaga en þau hafi eigi færri en fimmtán fullgilda félagsmenn, starfi á sama grundvelli og viðurkenni reglur og starfshætti sambandsins. Sambandsþing á þó endanlegan úrskurð um aðildarumsókn samkvæmt lögum. Engin ákvæði eru um, að félag þurfi að leggja með sér fjármuni við inngöngu.

Við úrsögn skal félag vera skuldlaust við sambandið samkvæmt 8. gr. laganna. Hafa lögin ekki að geyma annað efnisákvæði um úrsögn. Hins vegar er þar lýst, hvernig úrsögn skal bera að og hvernig skuli staðið að henni. Í 9. gr. laganna er boðið, að félag, sem sagt hefur sig úr sambandinu, geti sótt um inngöngu að nýju á næsta sambandsþingi eða síðar.

Tekjur sambandsins eru annars vegar árlegt gjald frá hverju aðildarfélagi, sem miðað er við tölu félagsmanna þess, en hins vegar greiðslur úr greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Við lok reikningsársins 1990–1991 nam nettóeign sambandsins 19.542.176 krónum, og miðar áfrýjandi við þá tölu í kröfugerð sinni. Helstu eignir voru bankainnstæður og hluti húseignar. Kostnaður samkvæmt rekstrarreikningi var mestur af skrifstofuhaldi sambandsins.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki annað ráðið en stefndi sé venjulegt samband stéttarféлага og rekstur þess með hefðbundnu sniði slíkra sambanda. Um starfsemi þeirra nýtur ekki settra laga frá Alþingi, og fer því um hana að samþykktum (lögum) þeirra og þeim ólögfestu grunnreglum, sem gilda um almenn félög, er hafa ekki bein fjárhagsleg markmið með rekstri sínum. Þegar slíkt félag leggur ekki með sér fjármuni við inngöngu, eru almennt ekki líkur til þess, að það taki með sér fé við útgöngu.

III.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um tilkall til hluta af eignum stefnda á því, að á sambandsþingi 1965 hafi samþykktum stefnda verið breytt og sambandsstjórn heimilað samkvæmt 7. gr. samþykktanna að víkja félagi úr sambandinu, lægju til þess gildar nánar ákvæðnar ástæður. Þetta ákvæði 7. gr. hljóðar nú svo: „Félag, sem vikið hefur verið úr sambandinu, á enga kröfu á hendur því né tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.“ Gagnályktun frá þessu ákvæði sýni, að félag, sem segi sig úr samtökunum, eigi rétt til eignarhluta. Ákvæðið um brottvikningu félags hafi verið sett að fyrirmynd samþykktu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar sé það nákvæmlega tíundað, að félag, sem segi sig úr því sambandi, eigi engan rétt til eigna. Hafi fulltrúar á sambandsþingi 1965 ætlað að hafa þetta á sama veg, hefði það verið tekið sérstaklega fram í lögnum.

Í fundargerðum sambandsþings 1965 er ekkert bókað um ætlan fulltrúa varðandi þá, sem segja sig úr sambandinu. Vitnisburðir um, hvað var rætt í laganefnd fyrir þingið, eru ekki samhljóða og hafa takmarkaða þýðingu. Sambandið var stofnað 1937 í ákveðnum tilgangi, og því var ætluð áframhaldandi starfsemi óháð því, hversu mörg aðildarfélög þess væru. Starfsemi þess heldur áfram samkvæmt tilgangi samþykktu þess eftir brotthvarf áfrýjanda. Sú grein samþykktanna, sem fjallar um úrsögn, hefur samkvæmt því, sem að framan er rakið, það efnisákvæði eitt, að félag, sem segi sig úr sambandinu, eigi að vera skuldlaust. Áfrýjandi á samkvæmt samþykktunum rétt á að sækja um aðild að nýju, hvenær sem honum býður svo við að horfa. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann geti ekki haldið áfram starfsemi sinni, svo sem hann á rétt til, óháð starfsemi stefnda. Heimildir um setningu 4. mgr. 7. gr. samþykktu stefnda á þinginu leiða ekki til þess, að unnt sé að gagnálykta frá því ákvæði á þann veg, sem áfrýjandi telur. Önnur ákvæði samþykktanna styðja þessa niðurstöðu.

Áfrýjandi heldur því einnig fram, að með aðildarfélögum stefnda hafi myndast sameign í eignarréttarlegum skilningi og við úrsögn sína eigi hann rétt til hluta síns af þessari sameign. Ekki verður séð, að almenn fjárhagsleg ábyrgð aðildarfélaga stefnda á skuldbindingum sambandsins geti verið önnur en með félagsgjöldum. Að framan er því lýst, hvernig eignarmyndun í sambandinu á rót sína að rekja

annars vegar til gjalda af hverjum félagsmanni, en hins vegar til greiðslna úr greiðslumiðlunarreikningi samkvæmt lögum nr. 24/1986. Þessum lögum hefur nú verið breytt þannig, að áfrýjandi fær sinn hluta þessara síðarnefndu greiðslna. Sambandið heldur ekki sérstaka sjóði vegna starfsemi sinnar, heldur aðeins almennan félagssjóð. Ákvæði samþykktanna um fjármál þess leiða ekki í ljós, að stefnt skuli að eignarmyndun, heldur sýnist áherslan vera á því, að félagið njóti tekna til að standa undir nauðsynlegum kostnaði á ári hverju. Eignir sambandsins, sem handbærar voru við úrsögn áfrýjanda, hafa myndast áþekkt því, sem algengast er í stéttarfélagum, og virðast jafnframt ekki vera aðrar en þær, sem tengja megi við venjulegt starf að almennum tilgangi sambandsins. Hefur áfrýjandi ekki sannað, að þær hafi orðið til með þeim hætti, að á megi byggja sérstakt tilkall til þeirra af hans hálfu. Áfrýjandi hefur þannig ekki sýnt fram á, að venjuleg eignarréttarleg sameign hafi myndast með aðildarfélögum.

Samkvæmt framanskráðu verður héraðsdómur staðfestur.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vélstjórafélag Íslands, greiði stefnda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 27. júlí 1995, og dómtekið 22. þ. m. Stefndandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, kt. 520169-3509, Borgartúni 18, Reykjavík.

Dómari er Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Undir rekstri málsins, 1. febrúar sl., var kveðinn upp úrskurður um heimild stefnda til að leiða vitni við aðalmedferð málsins. Var hann kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm um ágreiningsefnið 1. mars sl. (mál nr. 74/1996).

2. Stefndandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða

stefnanda hlutdeild hans í eignum stefnda við útgöngu stefnanda úr stefnda, eins og þær voru metnar í reikningum stefnda 30. september 1991, aðallega að fjárhæð 6.214.412 kr., en til vara að fjárhæð 1.302.812 kr., í báðum tilvikum með dráttarvöxtum [...].

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða sér málskostnað [...], en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda 1.302.812 kr. auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð, frá því að málið telst höfðað til greiðsludags, en málskostnaður verði felldur niður.

3. Stefnandi er félag vélstjóra og vélfræðinga á Íslandi, og er tilgangi m. a. lýst svo í 2. gr. laga hans, að hann sé að gæta hagsmuna íslensku vélfræðinga-, vélstjóra- og vélvarðastéttarinnar, semja um kaup og kjör þeirra við vinnuveitendur og að vera málsvari stéttarinnar á opinberum vettvangi.

Stefndi er landssamband sérmenntaðra farmanna og fiskimanna á Íslandi. Samkvæmt 4. gr. laga hans á sérhvert íslenskt farmanna- og fiskimannafélag yfirmanna í skipum rétt til þess að ganga í FFSÍ með þeim skilyrðum og þeim takmörkunum, sem löggin ákveða, enda hafi viðkomandi félag eigi færri en 15 fullgilda félagsmenn og starfi á sama grundvelli og viðurkenningu í öllum atriðum reglur og starfshætti sambandsins. Samkvæmt 2. gr. er tilgangur stefnda fyrst talinn vera sá að auka samstarf, samvinnu og skilning í milli sambandsfélaganna og beita sér fyrir gagnkvæmri samstöðu í baráttu fyrir stéttarlegum, félagslegum og menningarlegum hagsmunum þeirra.

Stefnandi var aðili að hinu stefnda sambandi frá stofnun þess árið 1937 til 1. ágúst 1991. Við aðalmeðferð kvað Helgi Laxdal, formaður stefnanda, ástæður úrsagnar annars vegar hafa verið þær, að stefnandi hefði ekki átt málefnalega samstöðu með stefnda, og hins vegar, að talið hefði verið unnt að tryggja hagsmuni félagsmanna betur utan stefnda.

Kröfur stefnanda eru reistar á rétti til hlutdeildar í eignum stefnda við útgöngu hans. Um tölulegan grundvöll þeirra er ekki ágreiningur. Miðað er við eignir stefnda við lok reikningsársins 1990-1991 30. september 1991, þ. e. höfuðstól, að fjárhæð 19.542.176 krónur. Aðalkrafan er um 31,8% af þeirri fjárhæð, sama hlutfall og fjöldi félagsmanna stefnanda var af heildarfjölda félagsmanna aðildarfélaga stefnda á þeim tíma, sem úrsögnin tók gildi. Varakrafa stefnanda, sbr. einnig varakröfu stefnda, er um 1/15 hluta höfuðstóls stefnda á sama tímamarki á grundvelli þess, að aðildarfélög voru þá fimmtán. Samkvæmt ársreikningnum námu heildartekjur 17.963.865 krónum. Þar af voru skattar sambandsfélaga 3.394.668 krónur, en samkvæmt samþykktum (lögum) stefnda miðast framlög aðildarfélaga við fjölda fé-

lagsmanna. Greiðslur úr greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, námu 13.415.293 krónum.

Í bréfum stefnanda til stefnda, dags. 4. mars, 19. ágúst og 5. september 1991, er vikið að samskiptamálum, sem þörf sé á að leysa í tengslum við úrsögn stefnanda, og sérstaklega tilgreind skipting greiðslna af greiðslumiðlunarreikningi og skipting fulltrúa í þær nefndir og ráð, þar sem viðkomandi lög gera ráð fyrir tilnefningu af hálfu FFSÍ.

Í bréfi stefnda til stefnanda, dags. 4. september 1991, segir, að hafnað sé að sinni að ræða öll samskiptamál í einni heild, enda sé FFSÍ ekki ljóst, hvaða stefna hafi verið mótuð af Vélstjórafélagi Íslands í einstökum mála-flokkum.

Með lögum nr. 45/1992 varð sú breyting á 9. gr. laga nr. 247/1986, að greiðslur úr greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sem höfðu runnið óskipt til stefnda, skyldu deilast milli aðila máls þessa samkvæmt því, sem sjávarútvegsráðherra ákvæði. Upplýst er, að sú skipting er í hlutföllunum 1/3 til stefnanda og 2/3 til stefnda.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi sett fram kröfu á þeim grundvelli, sem höfðun máls þessa hvílir á, fyrr en með bréfi, dags. 20. september 1994. Þar er vísað til hjálagðrar álitsgerðar hæstaréttarlögmanns með þessum orðum: „Niðurstaða hennar er sú, að VSFÍ eigi tilkall til eigna FFSÍ við úrsögn félagsins úr sambandinu. Um það, hvert hlutfallið eigi að vera, eru tveir möguleikar reifaðir, en hvatt til þess, að málið verði til lykta leitt með samningum.“ Með bréfi stefnda, dags. 20. febrúar 1995, er stefnanda kunngerð sú samhljóða afstaða stjórnar samtakanna að taka ekki undir framangreint lögmannsálit.

4. Stefnandi byggir í máli þessu á því, að í því sambandi almennta fé-laga, sem hér um ræðir, öðlist aðildarfélag rétt til þess að fá greidda hlut-deild sína í eignum sambandsins við útgöngu úr því. Ekki sé að finna í sett-um lögum reglur, sem kveði beinlínis á um það tilvik, er hér um ræðir. Því verði með hliðsjón af meginreglum félagaréttar og eðli máls einkum að líta til laga stefnda, eðlis hans og uppbyggingar. Í stefnu segir síðan: „Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga stefnda getur sambandsstjórnin vikið sambandsfé-lagi úr sambandinu, ef til þess liggja gildar ástæður, svo sem er félag greiðir ekki framlag sitt til sambandsins, vanrækir að senda sambandsstjórn árs-skýrslur skv. 13. gr. laganna, óhlýðnast fyrirmælum sambandsins, brýtur lög þess eða er því til tjóns eða vanvirðu. Í 4. mgr. 7. gr. er svofellt ákvæði: „Fé-lag, sem vikið hefur verið úr sambandinu, á enga kröfu á hendur því né til-kall til sjóða þess eða annarra eigna.“ Í 8. og 9. gr. laga stefnda, þar sem

fjallað er um úrsögn félags úr sambandinu, er aftur á móti ekkert tekið fram um kröfur eða tilkall þess félags, sem segir sig úr sambandinu, á hendur því. Með hliðsjón af framanrituðu telur stefnandi, að lög stefnda verði ekki skilin á annan veg en þann, að þótt félag, sem vikið er úr sambandinu, eigi ekki rétt til hlutdeildar í eignum þess, gildi ekki hið sama um það félag, sem segir sig úr sambandinu og stendur ekki í óbættum sökum við það við úrsögnina.“

Stefnandi kveður það vera ljóst, að eignir stefnda hafi einkum myndast með greiðslum félaganna og greiðslum úr opinberum sjóðum. Hann kveður það vera sérstök rök fyrir kröfum sínum, að hann hafi talið sig þjóna hagsmunum félagsmanna betur með úrsögn úr stefnda. Það sé í fyllsta máta óeðlilegt, að félagsmenn aðildarfélags verði við úrsögn félags síns af hlutdeild í eignamyndun stefnda og þeim afrakstri hennar, sem felist í virkri hagsmunagæslu um ókomin ár. Eðlilegra sé að líta á eignina sem sameign, er aðildarfélög geti samkvæmt almennum reglum slitið og krafist eignarhluta síns eða andvirðis hans.

Stefnandi vísar til þess, að samþykktir stefnda kveði ekki á um, að eignum skuli við slit ráðstafað í sjóð og síðar til sambands eða félags, sem hefði sama tilgang. Af því leiði, að eitt félag kynni að sitja uppi með allar eigur stefnda eftir úrsögn annarra aðildarféлага, sem teldu hagsmunum sínum vera betur borgið með því. Í þessu felist þvingun fyrir aðildarfélögin til að vera aðilar að stefnda. Það sé brot á hinu neikvæða félagafrelsi, sem sé verndað af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópuráðs, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. júní 1993. Hið neikvæða félagafrelsi hafi nú verið fest í lög með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópuráðs, sbr. lög nr. 62/1994, og í 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með síðari breytingum, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995. Enn fremur er vísað til félagsmálasáttmála Evrópu og samþykktu Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, sem séu gerðar á grundvelli sáttmála, er Ísland hafi staðfest og sé bundið af. Túlka verði lög og samningsskyldur í samræmi við efni slíkra reglna.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að framangreindar málsástæður stefnanda fái ekki með neinu móti staðist, að því er varði hina félagslegu stöðu hans, og því síður séu efni til að gagnálykta á framangreindan hátt um tilvist þeirrar efnisreglu í samþykktum stefnda, sem allur málatilbúnaður og kröfur stefnanda hvíli á.

Af hálfu stefnda er mótmælt réttmæti þeirra sjónarmiða, að réttur stefnanda til hlutdeildar í eignum stefnda verði reistur á meginreglum félagaréttarins. Sá rökstuðningur verði ekki skilinn á annan veg en þann, að stefndi sé talinn vera fjárhagslegt félag.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að gagnályktun og þá frá settum lögum komi þá fyrst til álita, að aðrir lögskýringarkostir eða réttarheimildir hafi verið kannaðar til hlítar. Að mati hans er gagnályktun ótæk í þessu tilviki. Rökstuðningur þess er að hluta til orðaður á þennan hátt: „Þá er á því byggt, að réttarheimild stefnanda, þ. e. gagnályktunin frá 4. mgr. 7. greinar í lögum stefnda, fái hvorki stoð í tilsvareandi efnisreglum annarra stéttarfélagasambanda eða landssambanda né í skýrum fordæmum, þar sem reynt hefur á slíkan rétt aðildarfélaga, sem gengið hafa úr stéttarféлага- eða landssamböndum. Þá er það samróma álit allra forráðamanna þeirra stéttarfélagasambanda, sem leitað var til um upplýsingar um tilvist slíkrar efnisreglu og, ef því væri að skipta, um inntak hennar og framkvæmd, að slíka reglu væri hvergi að finna í lögum hlutaðeigandi sambanda og ekkert dæmi utan eitt. . . , að farið hefði verið fram á slíka hlutdeild í eignum sambandanna við úrsögn aðildarfélags.“

Stefndi bendir á, að stefnandi, sem sé bókhaldsskyldur, hafi hvorki fyrir né eftir úrsögn úr stefnda talið fram ætlaða eign sína í stefnda. Þá hafi könnun í þingtíðindum ekki leitt í ljós, að forráðamenn stefnanda eða forsvarsmenn annarra aðildarfélaga stefnda hafi nokkru sinni hreyft slíkum sjónarmiðum sem þeim, er dómkröfur í málinu séu reistar á.

Um þá málsástæðu stefnanda, sem lýtur að ætluðu broti á neikvæðu félagafrelsi, segir í greinargerð stefnda: „Stefndi telur þetta langsótt og raunar fráleit rök fyrir kröfum stefnanda, og er þeim mótmælt sem slíkum. Hins vegar má á það fallast, að æskilegt væri, að lög stefnda sem annarra stéttarfélagasambanda kvæðu skýrt á um þessi atriði. Þessu mun vera með ýmsum hætti farið í lögum stéttarfélagasambanda og raunar sjálfra aðildarfélaganna, svo að vitnað sé til svarbréfa forráðamanna nokkurra helstu stéttarféлага- og landssambanda, sem leitað var upplýsinga hjá um þetta atriði og nokkur önnur sakarefninu tengdu . . . Virðist í þessum efnum það almenna viðhorf uppi, njóti ekki við skýrra lagaboða, að við slit á slíkum stéttarfélagasamböndum gangi eignir þeirra til nýrra samtaka, sé um þau að ræða, eða þá til Alþýðusambandsins eða félagsmálaráðuneytisins, allt eftir nánari ákvörðun sambandsstjórna, þegar slík ákvörðun væri tekin. Engin þekkt dæmi eru um, að slíkt hafi gerst.“

5. Stefndi er stéttarfélagasamband í skilningi 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er því ófjárhagslegt (almennt) félag á sama hátt og aðildarfélagin sjálf. Tilgangur stefnda sem stéttarfélagasambands er að gæta hagsmuna aðildarfélaganna og um leið félagsmanna þeirra á þann hátt, sem samþykktir hans kveða á um. Fjárhagsleg ábyrgð aðildarfélaga er einkorðuð við greiðslu félagsgjalda. Verður engin stoð fundin fyrir því, að

fallist verði á, að líta beri á eign stefnda á hverjum tíma sem sameign aðildarfélaganna á grundvelli félagaréttar eða almennra reglna eignarréttar.

Hið ófjárhagslega markmið aðila samkvæmt samþykktum þeirra beggja felur í sér rök gegn þeirri málsástæðu stefnanda, sem lýtur að broti gegn neikvæðu félagafrelsi. Af því eðli stefnda að vera félagasamband mun leiða, að slíta beri sambandinu áður en aðeins eitt félag verði aðili að því. Telja verður, að líkur á því, að eitt félag geti að lokum setið uppi með allar eignir stefnda, séu eigi svo miklar, að í því felist þvingun gagnvart öðrum félögum til að halda áfram aðild sinni.

Ákvæði 7. gr. um brottvikningu sambandsfélags kom inn í samþykktir stefnda árið 1965. Vitnið Örn Steinsson, sem var þá forseti stefnda og jafnframt formaður stefnanda, kvað nýmælið hafa miðað að því að sveigja lög stefnda að lögum BSRB og Alþýðusambands Íslands. Þar er mælt fyrir um, að til brottvikningar þurfi gildar ástæður, svo sem, að félag greiði ekki framlag sitt til sambandsins eða að það óhlýðnist fyrirmælum eða brjóti gegn lögum þess. Eigi verður talið, að ákvæði 4. mgr. 7. gr. um, að félag, sem vikið hafi verið úr sambandinu, eigi enga kröfu á hendur því né tilkall til sjóða þess eða annarra eigna, sé refsikennt viðurlagaákvæði. Ástæða þess er m. a. allt of óljóst samhengi „sakar“ og „refsingar“. Ekki hefur verið sýnt fram á, að því hafi verið ætlað að breyta réttarstöðu að neinu leyti. Í því efni er annars vegar til þess að líta, að regla 8. gr. samþykktanna um úrsögn félags úr sambandinu, sem hefur verið efnislega óbreytt frá upphafi, kveður ekki á um nein fjárhagsleg réttindi, en setur hins vegar það skilyrði, að viðkomandi félag skuli vera skuldlaust, þegar úrsögn tekur gildi. Hitt atriðið, sem til álita kemur að þessu leyti, er það, sem segir í 9. gr., að félag, sem sagt hafi sig úr sambandinu, geti sótt um upptöku að nýju á næsta sambandsþingi eða síðar; þegar með vísun til þess, að greiðsla inntökugjalds er þá ekki gerð að skilyrði, verður eigi fallist á, að réttur stefnanda verði studdur með gagnályktun frá 4. mgr. 7. gr. samþykktanna.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða dómsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst alls 500.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, er sýknaður af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.